

Þriðjudaginn 27. febrúar 1990.

Nr. 496/1989. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Páli Guðfinni Harðarsyni,
Jóhönnu Erlu Ólafsdóttur og
Matthildi Gestsdóttur**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Tékkalagabrot. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1989 að ósk ákærðu Páls Guðfinns Harðarsonar og Matthildar Gestsdóttur, en jafnframt til þyngingar refsingar allra ákærðu.

Af hálfu ákærðu eru gerðar þær dómkröfur „aðallega að ákærðu verði sýknuð af kröfum ákærvaldsins, til vara að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, til þrautavara að einungis verði sakfelld fyrir brot á 1. mgr. 73. gr. l. nr. 94/1933 og refsing verði skilorðsbundin“.

I.

Verjandi ákærðu byggir ómerkingarkröfu sína á því, að rannsókn málsins hafi verið mjög ábótavant, m.a. hafi ekki verið kannaðar yfirdráttarheimildir Hamra hf. eða geta fyrirtækisins til að greiða tékka þá, sem ákært er fyrir. Þótt framangreind atriði hafi lítt verið rannsökuð af rannsóknarlögreglu ríkisins, var þó að mestu úr því bætt fyrir sakadómi, og er ómerkingarkröfu ákærðu hafnað.

II.

Eins og rakið er í héraðsdómi, gáfu ákærðu út tékka þá, sem um ræðir í máli þessu, til þess að greiða laun starfsmanna Hamra hf. og greiða skuldir fyrirtækisins, og kom enginn hagnaður í hlut ákærðu. Allir tékkarnir voru gefnir út og notaðir í október 1988, en tékkareikningi fyrirtækisins var lokað 17. október. Öll vissu

ákærðu, að innstæða fyrir tékkunum var ekki fyrir hendi, þegar þeir voru gefnir út, en segjast hafa búist við, að svo yrði, þegar til innlausnar þeirra kæmi. Gögn málsins bera með sér, að Hamrar hf. áttu von á umtalsverðri fjárhæð, en greiðsla hennar dróst og kom ekki fyrr en 18. október. Þá liggur það og fyrir, að það hafði verið látið viðgangast af hálfu bankans, að Hamrar hf. gæfu út innstæðulausar ávísanir, sem voru geymdar á svokölluðum FIT-reikningi, þar til innstæða var til fyrir þeim.

Atferli ákærðu telst varða við 1. mgr. 73. gr. laga um tékka nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977, en ákvæði þessu má beita með heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála í stað ákvæða þeirra, sem í ákæru greinir, enda hefur málið verið flutt með tilliti til þess.

III.

Refsing ákærða, Páls Guðfinns, þykir hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi og refsing ákærðu, Jóhönnu Erlu og Matthildar, 30 daga fangelsi. Með hliðsjón af því, að ákærðu hafa ekki áður hlotið dóm, sem hefur í för með sér frelsissviptingu, þykir mega fresta fullnustu refsingar, eins og í dómsorði greinir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Páll Guðfinnur Harðarson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákærða Jóhanna Erla Ólafsdóttir sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákærða Matthildur Gestsdóttir sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. september 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 20. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 429-31/1989: Ákærvaldið gegn Páli Guðfinni Harðarsyni, Jóhönnu Erlu Ólafsdóttur og Matthildi Gestsdóttur, sem dómtekið var 15. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. febrúar 1989, á hendur ákærðu, Páli Guðfinni Harðarsyni, Grundargötu 80 í Grundarfirði, fæddum 6. júlí 1954 í Grundarfirði, Jóhönnu Erlu Ólafsdóttur, sama stað, fæddri 16. maí 1956 í Kópavogi, og Matthildi Gestsdóttur, Rofabæ 27 í Reykjavík, fæddri 18. september 1958 í Reykjavík, „fyrir tékkasvik með því að gefa út og nota í október 1988 í Reykjavík, nema annað sé nefnt, eftirtalda 8 tékka, svo sem nánar verður rakið, á reikning byggingafélagsins Hamra hf., Kópavogi, nr. 811 í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, en ákærði, Páll Guðfinnur, er stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, ákærða Jóhanna Erla meðstjórnandi og ákærða Matthildur gjaldkeri og þær báðar með sérstök umboð til útgáfu tékka á nefndan reikning. Tékkana gáfu ákærða Jóhanna Erla (tvo) og ákærða Matthildur (sex) út í nafni fyrirtækisins, og voru þeir allir stílaðir á banka eða sparisjóði, þar sem þeir voru notaðir til að ganga frá greiðslum frá fyrirtækinu í giróformi, en ákærðu var öllum kunnugt um, að fyrir tékkunum var engin innistæða á nefndum reikningi fyrirtækisins, og voru tékkarnir allir gefnir út og notaðir með vitund og að fyrirlagi ákærða, Páls Guðfinns:

I. Tékkar, gefnir út og notaðir af ákærða Páli Guðfinni og ákærðu Jóhönnu Erlu:

1. Nr. 52557, kr. 353,994, dagsettur 6. október, til Sparisjóðs vélstjóra. Notaður í nefndum sparisjóði að Síðumúla 1.

2. Nr. 52553, kr. 428.361, dagsettur sama dag, til Sparisjóðs Kópavogs. Notaður í nefndum sparisjóði að Digranesvegi 10, Kópavogi. Teljast þessir verknaðir ákærðu Páls Guðfinns og Jóhönnu Erlu varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

II. Tékkar, gefnir út og notaðir af ákærða, Páli Guðfinni, og ákærðu Matthildi:

1. Nr. 52566, kr. 190.000, dagsettur 7. október, til Sparisjóðs vélstjóra. Notaður í nefndum sparisjóði að Borgartúni 18.

2. Nr. 52552, kr. 120.000, dagsettur 10. október, til sama og notaður á sama stað.

3. Nr. 52563, kr. 122.617,65, dagsettur 7. október, til Sparisjóðs Kópavogs. Notaður í nefndum sparisjóði að Digranesvegi 10, Kópavogi.

4. Nr. 52565, kr. 130.000, dagsettur 7. október, til Samvinnubanka Íslands. Notaður í Háaleitisútibúi bankans.

5. Nr. 52570, kr. 140.000, dagsettur 10. október, til Samvinnubanka Íslands. Notaður í útibúi bankans við Suðurlandsbraut.

6. Nr. 52571, kr. 125.656, dagsettur 19. október, til Hilmars Helgasonar. Greiðsla til verktaka upp í verksamning.

Teljast þessir verknaðir ákærðu Páls Guðfinns og Matthildar aðallega varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 73. gr. laga um tékka nr. 94,1933, sbr. lög nr. 35,1977, hvað varðar verknað ákærðu Matthildar og verknað samkvæmt 6. tölulið hjá ákærða Páli Guðfinni.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir:

Byggingafélagið Hamrar hf. var stofnað 1. júlí 1987 í Kópavogi. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri var ákærði, Páll Guðfinnur, og meðstjórnendur ákærða, Jóhanna Erla og Berglind Ólafsdóttir, Kóngsbakka 8 í Reykjavík. Tékkareikningur fyrirtækisins, nr. 811 í Búnaðarbanka Íslands, var stofnaður 28. júní 1988 og ákærðu Jóhönnu þá veitt umboð til þess að ávísar á reikninginn. Ákærðu Matthildi, sem var gjaldkeri félagsins, var einnig veitt slíkt umboð 2. ágúst 1988.

Um haustið 1988 dró að gjaldþroti félagsins, og var ekki til handbært fé til þess að greiða laun starfsmanna og aðrar skuldir. Brugðu ákærðu á það ráð að gefa út tékka á fyrrnefndan reikning félagsins í Búnaðarbanka Íslands til þess að greiða skuldirnar, enda þótt þeim væri öllum ljóst, að ekki væri innistæða fyrir tékkunum. Var það von þeirra, að úr rættist síðar og hægt yrði að rétta af reikninginn. Var reikningnum lokað hinn 17. októ-

ber 1988. Ákærðu Jóhanna Erla og Matthildur gáfu út tékkana að fyrirlagi ákærða Páls Guðfinns og greiddu skuldir félagsins í innlánsstofnunum, eins og rakið er, og með vitund hans:

I.

1. Nr. 52557, kr. 353.994. Tékka þennan gaf ákærða Jóhanna Erla út 6. október sl. og notaði í útibúi Sparisjóðs vélstjóra í Síðumúla 1 í Reykjavík til þess að greiða laun inn á reikninga sjö starfsmanna Hamra hf. í Landsbanka Íslands.

2. Nr. 52553, kr. 428.361. Tékka þennan gaf ákærða Jóhanna Erla út sama dag og notaði í Sparisjóði Kópavogs til þess að greiða laun inn á reikninga tólf starfsmanna Hamra hf. í öðrum innlánsstofnunum.

Ákærðu Páll Guðfinnur og Jóhanna Erla hafa með útgáfu og notkun þessara tékka orðið sek um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga gagnvart Sparisjóðum vélstjóra og Kópavogs.

II.

1. Nr. 52566, kr. 190.000. Tékka þennan gaf ákærða Matthildur út 7. október sl. og notaði í Sparisjóði vélstjóra, Borgartúni 18, til þess að greiða inn á reikninga fyrirtækja, sem Hamrar hf. stóðu í skuld við, í öðrum innlánsstofnunum.

2. Nr. 52552, kr. 120.000. Tékka þennan gaf ákærða Matthildur út 10. október og notaði 13. sama mánaðar í Sparisjóði vélstjóra til þess að leggja inn á reikning sinn í Landsbanka Íslands vegna skuldar fyrirtækisins við hana.

3. Nr. 52563, kr. 122.617,65. Tékka þennan gaf ákærða Matthildur út 7. október og notaði í Sparisjóði Kópavogs til þess að greiða inn á reikninga hennar og annarra í öðrum innlánsstofnunum, vegna skuldar fyrirtækisins við hana sjálfa og aðra.

4. Nr. 52565, kr. 130.000. Tékka þennan gaf ákærða út 7. október og notaði í Háaleitisútibúi Samvinnubankans til þess að greiða inn á reikning verktakans Bergholts hf. í útibúi bankans við Suðurlandsbraut.

5. Nr. 52570, kr. 140.000. Tékka þennan gaf ákærða Matthildur út 10. október og notaði þrem dögum síðar í útibúi Samvinnubankans við Suðurlandsbraut til þess að greiða inn á reikning sinn þar vegna skuldar fyrirtækisins við hana sjálfa.

6. Nr. 52571, kr. 125.656. Tékka þennan gaf ákærða Matthildur út 5 til 8 dögum fyrir sagðan útgáfudag 19. október til Hilmar Helgasonar til greiðslu á skuld Hamra hf. við Hilmar með fyrirvara um, að innistæða yrði ekki á reikningnum fyrr en þá.

Ákærðu Páll Guðfinnur og Matthildur hafa með útgáfu og notkun tékka

nr. 1 til 5 orðið sek um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga gagnvart Sparisjóðum vélstjóra og Kópavogs og Samvinnubankanum, en með tékka nr. 6 hafa þau orðið sek um brot gegn 73. gr. laga um tékka nr. 94,1933, sbr. lög nr. 35,1977. Í ákæru hefur ekki verið krafist fébóta, og hafa bætur ekki verið greiddar.

Viðurlög, sakarkostnaður.

Ákærði, Páll Guðfinnur, hefur tvisvar verið sektaður fyrir umferðar- og tolllagabrot, en ákærðu, Jóhönnu Erlu og Matthildi, hefur ekki verið refsað áður.

Refsing ákærða, Páls Guðfinns, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu 5 mánaða af refsingunni og ákveða, að sá hluti hennar falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærðu Jóhönnu Erlu þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og ákveða, að hún falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærðu Matthildar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu 4 mánaða af refsingunni og ákveða, að sá hluti hennar falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða óskipt allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til Gunnars Jóhanns Birgissonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Páll Guðfinnur Harðarson, sæti fangelsi í 7 mánuði. Fresta ber fullnustu 5 mánaða af refsingunni, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða Jóhanna Erla Ólafsdóttir sæti fangelsi í 3 mánuði. Fresta ber fullnustu refsingarinnar, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða Matthildur Gestsdóttir sæti fangelsi í 5 mánuði. Fresta ber fullnustu 4 mánaða af refsingunni, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til Gunnars Jóhanns Birgissonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.